

Fimmtudaginn 13. nóvember 1997.

Nr. 71/1997.

Mata ehf.

Anna Helga Höskuldsdóttir

Edda I. Eggertsdóttir

Edda I. Eggertsdóttir

Eggert Árni Gíslason

Einar Páll Gunnarsson

Friðrik Guðmundsson

Gísli Viðar Eggertsson

Gísli V. Einarsson

Gísli Valur Guðjónsson

Guðjón Kr. Guðjónsson

Guðný Edda Gísladóttir

Gunnar Þór Gíslason

Halldór Páll Gíslason

Helga Alexandersdóttir

Ingólfur Árni Gunnarsson

Jóhann Steinn Eggertsson

Jóna Svandís Halldórsdóttir

Kristinn Helgi Guðjónsson

Petra Bragadóttir

Salathúsið ehf.

Sólveig Ingólfsdóttir og

Sundagarðar ehf.

(Jóhann Níelsson hrl.,

Lárus L. Blöndal hdl.)

gegn

Þróunarsjóði sjávarútvegsins

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Hlutafélög. Hlutabréf. Forkaupsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Arnljótur Björnsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18.

febrúar 1997. Þau krefjast þess aðallega, að viðurkenndur verði forkaupsréttur þeirra allra að hlutafé stefnda í Búlandstindi hf., að nafnvirði 69.980.183 krónur, sem boðið var til sölu með tilkynningu 3. september 1996, til jafns við aðra forkaupsréttarhafa, sem gerðu kröfu til þess að nýta forkaupsrétt sinn að þessu hlutafé, á meðan forkaupsrétturinn var virkur. Enn fremur verði staðfest lögbann við sölu hlutabréfa stefnda í Búlandstindi hf., sem á var lagt miðvikudaginn 16. október 1996. Til vara er gerð sú krafa, að viðurkenndur verði forkaupsréttur áfrýjandans Mata ehf. að umræddu hlutafé stefnda í Búlandstindi hf. til jafns við þá aðra forkaupsréttarhafa, sem fyrr getur. Jafnframt verði staðfest fyrrgreint lögbann við sölu hlutabréfa stefnda í Búlandstindi hf. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Ákvæði 12. gr. laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem varða forkaupsrétt að hlutabréfum í eigu hlutafjárdeildar sjóðsins, eiga rætur að rekja til laga nr. 9/1989 um efnahagsaðgerðir. Með 9. gr. þeirra var ákveðið, að við Byggðastofnun skyldi starfa hlutafjár sjóður, er hefði sjálfstæðan fjárhag og lyti sérstakri stjórn. Átti hann að afla fjár með útgáfu hlutdeildarskírteina, er gengið gætu kaupum og sölum, og einnig að fá framlag úr ríkissjóði, eftir því sem Alþingi kynni að heimila. Hlutverki sjóðsins var lýst í fyrsta og öðrum málslíð 10. gr. laganna á þá leið, að honum væri heimilt að kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, en einnig gæti ríkissjóður selt honum hlutafjáreign sína í fyrirtækjum, ef ástæða þætti til. Í þriðja málslíð sagði síðan: „Hlutabréf, sem sjóðurinn kann að eignast, skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir, að þau eru keypt, og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar.“ Með 1. gr. laga nr. 42/1991 var sjóðnum breytt í hlutafjárdeild við Byggðastofnun, er hefði sjálfstæðan fjárhag, en hlutverkið var hið sama og fyrr.

Við stofnun þróunarsjóðs tók hlutafjárdeild hans við eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, sbr. 3. gr. laga

nr. 92/1994. Meðal eignanna voru hlutabréf í níu fyrirtækjum í sjávarútvegi, sem keypt höfðu verið samkvæmt heimildum 10. gr. laga nr. 9/1989, og var Búlandstindur hf. á Djúpavogi eitt þessara fyrirtækja. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 92/1994 var það hlutverk hlutafjárdeildar þróunarsjóðs að fara með þessi hlutabréf sín og selja þau, og mátti deildin ekki kaupa ný hlutabréf nema í skiptum. Átti hún að bjóða hlutabréfin til sölu a. m. k. einu sinni á ári að áskildum sama forkaupsrétti starfsfólks og eigenda hlutafjár í fyrirtækjunum og um hafði verið mælt í 10. gr. laga nr. 2/1989.

Ekki liggur fyrir, hvenær fyrrgreindar stofnanir eignuðust hlutabréf þau í Búlandstindi hf., sem mál þetta fjallar um, en ágreiningslaust er með málsaðilum, að það hafi gerst við fjárhagslega endurskipulagningu á félaginu. Ekki er heldur alveg ljóst, hvernig skipulagi félagsins var háttað á þeim tíma, en samkvæmt samþykktum þess frá 9. október 1995 voru engar hömlur á viðskiptum með hlutabréf þess, sbr. 21.–23. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Einnig er fram komið, að hlutabréf í félaginu hafi árið 1996 verið til sölu á opnum markaði. Þegar samþykktirnar voru settar, var hlutafé félagsins alls 300.000.000 krónur að nafnverði, og voru hlutabréf í eigu þróunarsjóðs talin nema 35,39% af þeirri fjárhæð. Þegar þau hlutabréf voru boðin forkaupsréttarhöfum í byrjun september 1996, hafði eignarhlutdeild sjóðsins lækkað í 23,53% vegna hlutafjárauðningar í félaginu.

Tildrögum málsins að öðru leyti er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og eru atvik þess að mestu óumdeild.

II.

Sýnt er af þeim lagaákvæðum, sem fyrr er til vitnað, að hlutafjár-sjóði Bygðastofnunar og hlutafjárdeild hennar hafi verið ætlað að eignast hlutabréf í fyrirtækjum til að styðja þau til fjárhagslegrar endurskipulagningar með framlagi á eigin fé. Hafi ákvæði 10. gr. laga nr. 9/1989 og síðar 12. gr. laga nr. 92/1994 um forkaupsrétt að þessum hlutabréfum verið sett í þágu þeirra, er tengdir væru rekstri fyrirtækjanna sem starfsmenn eða hluthafar á hverjum tíma. Er eðlilegt að skilgreina aðild að forkaupsréttinum á þann veg, að hún hafi átt að vera bundin við þá starfsmenn og hluthafa, sem fyrir væru, þegar rétturinn yrði virkur við ákvörðun um sölu á hlutabréf-

unum, þannig að staða rétthafanna innbyrðis réðist af því tíma-marki. Á hinn bóginn þarf það ekki að leiða af ákvæðunum, að þessum starfsmönnum og hluthöfum hafi átt að vera óheimilt að ráðstafa þeim forkaupsrétti, sem þannig væri fenginn.

Í umræddum lagaákvæðum var ekki tekið fram, hvernig forkaupsréttur ætti annars að skiptast milli starfsmanna og hluthafa. Fyrir liggur, að stjórn stefnda tók ákvörðun um að skipa forkaupsréttinum þannig, að hann skyldi skiptast eftir höfðatölu, þar sem hann væri ekki bundinn við hluthafana eina, og væri jafnræðis þá gætt. Kveðst stefndi hafa fylgt þeirri reglu við alla sölu hlutabréfa sinna, sem fram hafi farið. Er kröfugerð áfrýjenda meðal annars á því byggð, að hún eigi við.

Á grundvelli þessa verður að líta svo á, að framsal áfrýjandans Mata ehf. á hlutabréfum í Búlandstindi hf. til annarra áfrýjenda geti ekki fært þeim forkaupsrétt að hlutabréfum stefnda í félaginu, enda hafi framsalið verið til þess fallið að styrkja stöðu þessa áfrýjanda og aðila, sem honum væru tengdir, á kostnað starfsmanna og hluthafa Búlandstinds hf., sem njóta áttu forkaupsréttar eftir fyrrgreindri höfðatölureglu. Gat Mata ehf. ekki framselt rýmri rétt en það hefði sjálft getað krafist. Um þann rétt liggur það jafnframt fyrir, að Mata ehf. eignaðist hlutabréf sín með kaupum hjá verðbréfamiðlun í Reykjavík 20. september 1996. Seljandi að bréfunum var Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, sem talinn er hafa keypt þau 16. sama mánaðar, og fyrir liggur, að salan náði ekki til allra hlutabréfa í Búlandstindi hf., sem þannig voru komin í eigu þess sjóðs. Af hálfu Mata ehf. hefur ekki verið sýnt fram á, að sjóðurinn hafi framselt félaginu forkaupsrétt að hlutafjáreign stefnda, sem hann gæti sjálfur átt tilkall til, og félagið hefur ekki rakið frekar, hvernig tengja megí hlutabréf þess við forkaupsrétt, sem orðið hafi virkur við ákvörðun stefnda um sölu á eigninni 27. ágúst 1996.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og þess, sem hér hefur verið rakið, ber að fallast á það með héraðsdómara, að stefndi eigi að vera sýkn af kröfum áfrýjenda.

Staðfesta ber einnig ákvæði dómsins um málskostnað í héraði, en rétt þykir, að áfrýjandinn Mata ehf. greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandinn Mata ehf. greiði stefnda, Þróunarsjóði sjávarútvegsins, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 9. janúar 1997, höfðu Mata ehf., kt. 450269-0939, Sundagörðum 10, 104 Reykjavík, Anna Helga Höskuldsdóttir, kt. 031163-8039, Suðurási 24, 110 Reykjavík, Edda I. Eggertsdóttir, kt. 281231-3839, Stigahlíð 91, 105 Reykjavík, Edda I. Eggertsdóttir, kt. 050984-2659, Laxakvísl 17, 110 Reykjavík, Eggert Árni Gíslason, kt. 240761-2119, Laxakvísl 17, 110 Reykjavík, Einar Páll Gunnarsson, kt. 220794-2889, Bergsmára 5, 200 Kópavogi, Friðrik Guðmundsson, kt. 190449-2039, Laugalæk 11, 105 Reykjavík, Gísli V. Einarsson, kt. 140631-3459, Stigahlíð 91, 105 Reykjavík, Gísli Valur Guðjónsson, kt. 131079-3629, Þingási 49, 110 Reykjavík, Gísli Viðar Eggertsson, kt. 180993-2159, Laxakvísl 17, 110 Reykjavík, Guðjón Kr. Guðjónsson, kt. 130256-4229, Þingási 49, 110 Reykjavík, Guðný Edda Gísladóttir, kt. 090558-5879, Þingási 49, 110 Reykjavík, Gunnar Þór Gíslason, kt. 181165-3759, Bergsmára 5, 200 Kópavogi, Halldór Páll Gíslason, kt. 280464-4119, Suðurási 24, 110 Reykjavík, Helga Alexandersdóttir, kt. 030752-3689, Laugalæk 11, 105 Reykjavík, Ingólfur Árni Gunnarsson, kt. 080591-2339, Bergsmára 5, 200 Kópavogi, Jóhann Steinn Eggertsson, kt. 060489-2469, Laxakvísl 17, 110 Reykjavík, Jóna Svandís Halldórsdóttir, kt. 270991-2549, Suðurási 24, 110 Reykjavík, Kristinn Helgi Guðjónsson, kt. 030385-2339, Þingási 49, 110 Reykjavík, Petra Bragadóttir, kt. 220163-2539, Laxakvísl 17, 110 Reykjavík, Salathúsið ehf., kt. 480491-1229, Sundagörðum 10, 104 Reykjavík, Sólveig Ingólfssdóttir, kt. 150865-3449, Bergsmára 5, 200 Kópavogi, og Sundagarðar ehf., kt. 681077-0309, Sundagörðum 10, 104 Reykjavík, gegn Þróunarsjóði sjávarútvegsins, kt. 410794-2689, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, með stefnu, birtri 21. október 1996.

I.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að viðurkenndur verði með dómi forkaupsréttur allra stefnenda að hlutafé Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, kt. 410794-2689, í Búlandstindi hf., kt. 491069-0169, að nafnvirði 69.980.183 kr., sem boðið var til sölu með tilkynningu, dags. 3. september 1996, til jafns við aðra forkaupsréttarhafa, sem gerðu kröfu til þess að nýta forkaupsrétt sinn að framangreindu hlutafé í Búlandstindi hf., á meðan forkaupsrétturinn var virkur.

Enn fremur gera stefnendur þá kröfu, að staðfest verði lögbann við sölu

hlutabréfa Þróunarsjóðs sjávarútvegsins í Búlandstindi hf., sem lagt var á þriðjudaginn 15. október 1996.

Til vara gera stefnendur þær kröfur, að viðurkenndur verði með dómi forkaupsréttur stefnandans Mata ehf. að hlutafé Þróunarsjóðs sjávarútvegsins í Búlandstindi hf., að nafnvirði 69.980.183 kr., sem boðið var til sölu með tilkynningu, dags. 3. september 1996, til jafns við aðra forkaupsréttarhafa, sem gerðu kröfu til þess að nýta forkaupsrétt sinn að framangreindu hlutafé í Búlandstindi hf., á meðan forkaupsrétturinn var virkur, – enn fremur, að staðfest verði lögbann við sölu hlutabréfa Þróunarsjóðs sjávarútvegsins í Búlandstindi hf., sem lagt var á miðvikudaginn 16. október 1996.

Þá krefjast stefnendur jafnframt málskostnaðar að mati héraðsdóms eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að við ákvörðun málskostnaðarins verði tekið tillit til kostnaðar af virðisaukaskatti af lögmannsþjónustu, en einungis tveir stefnenda hafa frádráttarrétt vegna þess kostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda um viðurkenningu forkaupsréttar og synjað verði um staðfestingu lögbanns, sem lagt var á við sölu hlutabréfa stefnda í Búlandstindi hf. 16. október 1996.

Einnig krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti.

II.

Stefndi, Þróunarsjóður sjávarútvegsins, starfar samkvæmt lögum nr. 92/1994, og er hlutverk hans að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Í því skyni skal sjóðurinn m. a. kaupa fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra. Í sjóðnum starfar hlutafjárdeild, og er hlutverk hennar m. a. skv. 12. gr. laganna að fara með og selja hlutabréf í eigu deildarinnar. Hlutaféð ber að bjóða til sölu a. m. k. einu sinni á ári, og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar.

Stefndi á hlutabréf í Búlandstindi hf., að nafnvirði 69.980.183 kr., eins og í kröfugerð stefnanda greinir, og að sögn stefnda auglýsti hann þetta hlutafé til sölu 15. september 1994 og 29. september 1995 ásamt hlutafé sínu í níu öðrum hlutafélögum.

Hinn 26. ágúst 1996 gerði stjórn Ísfélags Vestmannaeyja hf. stefnda tilboð um að kaupa hlutabréf hans í Búlandstindi á genginu 1,15 og staðgreiða kaupverðið, þ. e. 80.477.210 kr. Stefndi tók tilboðinu næsta dag.

Stefndi kveðst 28. ágúst hafa leitað upplýsinga hjá Búlandstindi hf. um það, hverjir væru hluthafar og starfsfólk fyrirtækisins, og daginn eftir fengið

þessar upplýsingar. Kemur þar fram, að hluthafar séu 40 talsins og starfsfólk 118.

Hinn 4. september kveðst stefndi hafa póstlagt ábyrgðarbréf, dags. 3. september, til forkaupsréttarhafa ásamt ljósriti af tilboði Ísfélags Vestmannaeyja hf., og er forkaupsréttarhöfum þar boðið að neyta forkaupsréttarins. Frestur til þess er í bréfinu ákveðinn til kl. 24.00 24. september.

Hinn 20. september keypti einn af stefnendum, Mata ehf., hlutabréf í Búlandstindi hf. af Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar, að fjárhæð 190.000 kr., en lífeyrissjóðurinn hafði keypt þessi bréf 16. sama mánaðar. Mata ehf. tilkynnir stjórn Búlandstinds hf. þessi hlutafjárkaup sín í bréfi, dags. 23. september, og er skráð sem hlutareigandi í hluthafaskrá fyrirtækisins þann dag. Enn fremur ritar Mata ehf. Próunarsjóði sjávarútvegsins bréf 23. september og tilkynnir þar, að fyrirtækið ætli að nýta sér forkaupsrétt að öllu hlutafé próunarsjóðsins í Búlandstindi hf.

Hinn 24. september tilkynnir Mata ehf. stjórn Búlandstinds hf., að fyrirtækið hafi selt 22 aðilum hlutafé sitt að frátöldu hlutafé að nafnvirði 8.000 kr. Bréfinu fylgdi listi yfir kaupendurna, sem eru aðrir stefnendur þessa máls, og er þar farið fram á, að viðskiptin verði færð í hlutaskrá félagsins sama dag. Lögð hefur verið fram staðfesting Þorsteins Kjartanssonar, sem er löggiltur endurskoðandi, dags. 23. september, að þessi hlutabréfaviðskipti hafi verið færð í hlutaskrá Búlandstinds hf. Í bréfi til lögmanns stefnda, dags. 7. janúar sl., segir endurskoðandinn þó, að hann hafi undirritað þessa yfirlýsingu 29. október 1996, en dagsetningin 23. september hafi verið sett á skjalið af Mata ehf. og mistök sín að lagfæra ekki dagsetninguna við undirritun.

Hinn 24. september er staðfest af hálfu stefnda að hafa fengið þær yfirlýsingar frá 23 hluthöfum, þ. e. stefnendum þessa máls, að þeir sem hluthafar í Búlandstindi hf. nýti sér forkaupsrétt sinn að hlutabréfum próunarsjóðsins í Búlandstindi hf.

Stefndi hefur ekki fallist á, að stefnendur njóti forkaupsréttar að hlutafé hans í Búlandstindi hf.

Hinn 4. október 1996 báðu stefnendur þessa máls um, að lagt yrði lögbannd við því, að Próunarsjóður sjávarútvegsins seldi hlutabréfaeign sína í Búlandstindi hf., fyrr en skorið hefði verið úr um forkaupsrétt þeirra með dómi eða hann viðurkenndur.

Umbeðið lögbannd var lagt á 16. sama mánaðar.

III.

Að því er aðalkröfu varðar, kveðst stefnandi í fyrsta lagi vísa til þess, að í 12. gr. laga nr. 92/1994 sé mælt fyrir um, hvernig haga eigi sölu hlutabréfa,

sem eru í eigu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, en þar komi meðal annars fram, að starfsmenn og aðrir eigendur þess félags, sem í hlut eigi, skuli njóta forkaupsréttar að hlutabréfum í félaginu. Þetta sé áréttað í 23. gr. reglugerðar nr. 644/1994, sem sett hafi verið með stöð í lögum nr. 92/1994.

Í greinargerð með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 92/1994, komi ekki fram, hvernig skýra eigi, hvað felist í hugtakinu „aðrir eigendur“, en eðlilegt sé að skýra hugtakið „aðrir eigendur“ þannig, að undir það falli þeir, sem eigi einhvern hlut í því fyrirtæki, sem um er að ræða, og sannað geti eignarrétt sinn. Þessir eigendur eigi að geta neytt forkaupsréttar samkvæmt 12. gr. laga nr. 92/1994, fullnægi þeir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett hafa verið um nýtingu hans. Önnur niðurstaða hlýti að vera í andstöðu við eðli og tilgang lagagreinarinnar og bryti jafnframt gegn eðlilegri textaskýringu ákvæðisins.

Í öðru lagi skírskoti stefnendur til þess, að í 12. gr. laga nr. 92/1994 og reglugerð þeirri, sem sett var á grundvelli laganna, komi hvergi fram takmörkun á þeim forkaupsrétti, sem þar sé mælt fyrir um. Þá hafi skilyrði, sem sett voru við forkaupsréttinum í tilkynningu stefnda frá 3. september 1996, aðeins lotið að lengd þess tíma, sem forkaupsrétturinn var virkur að því, að tilboð þyrfti að vera í allt hlutfé félagsins, og að bærust fleiri en eitt tilboð, yrði forkaupsréttur allra forkaupsréttarhafanna jafn miðað við höfðatölu.

Forkaupsréttur sé þess eðlis, að hann sé oftast óvirkur en virkur. Í því tilviki, sem hér um ræði, hafi hann orðið virkur, þegar Þróunarsjóður sjávarútvegsins hafi tekið tilboði Ísfélags Vestmannaeyja hf. 27. ágúst 1996, og hafi verið virkur til 24. september s. á., þ. e. a. s. til lokadags þess frests, sem þróunarsjóðurinn hafi sett forkaupsréttarhöfum til að neyta forkaupsréttar.

Umræddur forkaupsréttur sé lögbundinn, og um framkvæmd hans fari eftir almennum reglum eignarréttar. Hafi seljandi ákveðið að selja eign sína, sem forkaupsréttur hvíli á, sé hann bundinn við þá ákvörðun sína. Seljandi geti því hvorki hætt við að selja eign sína né neitað að viðurkenna forkaupsrétt hluta þeirra forkaupsréttarhafa, sem gefi sig fram og vilji kaupa eignina, hafi þeir fullnægt öllum öðrum skilyrðum til þess að nýta sér forkaupsrétt sinn.

Þá halda stefnendur því fram í þriðja lagi, að samkvæmt 29. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög gildi venjulegar viðskiptabréfareglur um framsal og veðsetningu hlutabréfa, nema annað hafi verið skýrt tekið fram í hlutabréfunum. Í því tilviki, sem hér um ræði, sé forkaupsréttur lögbundinn og fylgi eignarhluta í fyrirtækinu hverju sinni óháð því, hvort forkaupsréttur sé

virkur eða óvirkur. Það sé óeðlileg lögskýring að halda því fram, að forkaupsréttur geti fylgt með í kaupum og sölum, á meðan hann er óvirkur, en ekki, eftir að hann verði virkur. Allar venjulegar lögskýringarreglur og reglur kröfuréttarins styðji það, að slíkur lögskýringarkostur sé ótækur.

Þegar stefnendur, aðrir en Mata ehf., hafi tilkynnt stjórn Búlandstinds hf. um hlutafjárkaup sín, hafi fylgt þeirri tilkynningu beiðni um skriflega viðurkenningu þess, að stefnendur væru skráðir í hlutaskrá fyrirtækisins. Stefnendur haldi því fram, að ekki geti skipt máli um forkaupsréttinn, hvort hluthafar séu skráðir í hlutaskrá Búlandstinds hf. eða ekki, enda sé hér um að ræða forkaupsrétt samkvæmt lögum, sem gildi um stefnda, en hins vegar ekki félagsleg réttindi í Búlandstindi hf.

Skráning í hlutaskrá sé eins konar lögbundið sönnunargagn fyrir því, að rétthafi hlutabréfs geti beitt félagslegum réttindum sínum í hlutafélagi. Hins vegar sé skráning í hlutaskrá ekki skilyrði fyrir rétti til arðs eða annarra greiðslna eða fyrir rétti til nýrra hluta, eins og til dæmis komi skýrt fram í 31. gr. laga nr. 2/1995. Í slíkum tilvikum nægi, að eigandi sanni eignarhlut sinn með fullnægjandi hætti, en það hafi stefnendur gert með framlagningu kvittana stefnenda fyrir kaupum og yfirlýsingu Mata ehf. um sölu til þessara aðila. Jafnframt hafi þeir tilkynnt stefnda innan þess frests, sem hann hafi sett, að þeir muni nýta sér forkaupsrétt sinn.

Af hálfu stefnenda er á það bent, að eitt af almennum skilyrðum forkaupsréttar sé það, að tilkynna þurfi forkaupsréttarhöfum, að forkaupsréttur sé orðinn virkur. Eðli hlutabréfa sé hins vegar á þann veg háttað, að þau gangi kaupum og sölum, og því geti verið erfitt fyrir stefnda að henda reiður á eigendum hlutabréfa í fyrirtækjum hverju sinni, og jafnframt, hverjum sé réttilega send tilkynning um nýtingu forkaupsréttar. Hins vegar sé það ljóst, að eftir þann frest, sem forkaupsréttarhafar hafi til þess að tilkynna um nýtingu réttarins, beri stefnda að skoða fram komnar tilkynningar, og sé þá með hægu móti hægt að sannreyna það, hvort sá, sem gefur tilkynningu, sé eigandi að hlut í fyrirtækinu.

Stefnendur hafi fullnægt öllum skilyrðum til þess að nýta sér lögmæltan forkaupsrétt sinn samkvæmt 12. gr. laga nr. 92/1994, og hafi stefndi sönnunarbyrðina fyrir því, að þeir geti ekki talist til forkaupsréttarhafa samkvæmt lagagreininni.

Kröfu sína um staðfestingu lögbannsins reisa stefnendur á því, að forkaupsréttur þeirra samkvæmt 12. gr. laga nr. 92/1994 muni fara forgörðum, ef stefndi ráðstafar allri hlutabréfaeign sinni í Búlandstindi hf. án þess að taka tillit til forkaupsréttar stefnenda. Þetta myndi valda þeim verulegu tjóni, og sé þeim því nauðsyn á að fá lögbannið staðfest.

Stefnendur reisa varakröfur sínar á sömu málsástæðum og lagarökum og aðalkröfurnar eru byggðar á.

Krafa stefnenda um málskostnað er studd 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. eml. nr. 91/1991.

Af hálfu stefnda er því harðlega mótmælt, að stefnendur eigi forkaupsrétt samkvæmt 12. gr. laga nr. 92/1994, sbr. ákvæði 23. gr. reglugerðar nr. 644/1994. Í tilvitnuðum ákvæðum sé gert ráð fyrir því, að hlutabréf séu boðin til sölu a. m. k. einu sinni á ári og að starfsfólk og aðrir eigendur þess fyrirtækis, sem í hlut á hverju sinni, eigi forkaupsrétt að fölum hlutum. Ákvæðið um eigendur verði að skýra svo, að með því sé átt við þá sameigendur stefnda, sem séu hluthafar í viðkomandi félagi, þegar kauptilboðið komi fram og sé samþykkt.

Forkaupsréttur hluthafa Búlandstinds byggist á sérákvæði 12. gr. laga nr. 92/1994, en ekki á samþykktum félagsins eða ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995. Slík ákvæði beri samkvæmt almennum lögskýringarreglum að túlka þröngt. Forkaupsrétturinn fylgi ekki hlutabréfunum, heldur þeim, sem skráðir voru hluthafar eða voru á launaskrá, þegar tilboðið í hlutabréfin var samþykkt 27. ágúst. Þessi túlkun sé í samræmi við orðalag lagaákvæðisins og fari saman við þann tilgang þess að tryggja þeim, sem störfuðu við félagið, og þeim einstaklingum, sem eigi hluti í félaginu, jafnan rétt til að kaupa hluti stefnda. Önnur túlkun geti leitt til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu, og megi sjá, að tilgangur Mata ehf. með sölu á hlutabréfum sínum hafi bersýnilega verið sá að tryggja sér aukinn rétt til að kaupa hlutafé á genginu 1,15, vegna þess að rétturinn til kaupa sé ekki hlutfallslegur miðað við eignarhlutdeild, heldur jafn miðað við höfðatölu. Á sama hátt takmarkist réttur starfsmanna við þá starfsmenn, sem hafi verið á launaskrá, er forkaupsrétturinn varð virkur, en þeir, sem ráðnir hafi verið til starfa eftir það tímamark, njóti ekki réttarins.

Það sé ein af grundvallarreglum kröfuréttar, að framsalshafi kröfu eigi ekki rýmri rétt en framseljandi átti. Því hafi Mata ehf. ekki getað aukið við rétt sinn eða þeirra, sem leiði rétt sinn af hlut Mata ehf. til hlutafjárkaupa í Búlandstindi hf. með sölu hlutafjárins, með því að forkaupsrétturinn sé bundinn höfðatölu þeirra, sem neyta vilji forkaupsréttar. Önnur niðurstaða yrði á kostnað annarra hluthafa og starfsmanna, sem neyta vildu réttar síns.

Stefndi telur, að hann hafi gætt til hins ýrasta ákvæða 12. gr. með því að afla upplýsinga frá Búlandstindi 29. ágúst um það, hverjir væru hluthafar og starfsmenn hjá félaginu. Þessum aðilum öllum hafi stefndi sent tilkynningu 3. september sl. um fram komið tilboð í hlutabréfin og veitt þeim frest til og með 24. september til þess að taka afstöðu til forkaupsréttarins. Þeir, sem

hafi eignast hluti í félaginu fyrir 27. ágúst og ekki voru á umræddum lista, hafi einnig fengið sömu tilkynningu og fyrr var getið um.

Enginn af stefnendum hafi verið í þessum hópi hluthafa, enda hafi Mata ehf. fyrst eignast hlut sinn 20. september 1996 og tilkynnt það til félagsins 23. september.

Ljóst sé, að miða verði forkaupsrétt við tiltekið tímamark til þess að ákvarða, hverjir eigi réttinn. Eðlilegt megi telja í þessu sambandi að miða við þann dag, er forkaupsrétturinn varð virkur með samþykki tilboðs. Ann- að og síðara tímamark bjóði heim braski með hlutabréf til þess eins að komast yfir meira hlutafé.

Þar sem forkaupsréttur sé ekki bundinn við hlutafé, heldur „aðra eigendur“ skv. 12. gr., komi ekki til skoðunar reglur 29. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 um framsal og veðsetningu hlutabréfa. Þar sem 12. gr. sé sérákvæði, sé fullkomlega eðlilegt, að eigendur hlutabréfa í skilningi hlutafélagalaga geti verið aðrir en „aðrir eigendur“ í skilningi 12. gr. laga nr. 92/1994. Stefndi haldi því fram, að þeir, sem hafi eignast hluti í félaginu eftir 27. ágúst, séu ekki eigendur í skilningi 12. gr. og njóti því eigi forkaupsréttar, þrátt fyrir það að þeir teljist eigendur í skilningi hlutafélagalaga. Réttinum verði ekki ráðstafað, eftir að hann verði virkur og honum skipt upp í marga staði jafnréttháa, eins og stefnandi virðist gera ráð fyrir. Af þessum sökum komi viðskiptabréfareglur og reglur um traustfang ekki til álita.

Samkvæmt skýrum fyrirmælum í 31. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 geti sá, sem eignast hefur hlut í félagi, eigi beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi tilkynnt eða fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þegar forkaupsréttur hluthafa í Búlandstindi hafi orðið virkur 27. ágúst, hafi þeir hluthafar eignast forkaupsrétt, sem fullnægt hafi framangreindu skilyrði 31. gr. hlutafélagalaga. Enginn stefnenda hafi verið á meðal skráðra hluthafa á þeim degi, enda óumdeilt, að þeir keyptu bréf sín eftir það tímamark.

Undantekningarnar um rétt til arðs eða annarrar greiðslu sem og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár beri að skýra þröngt, og sé löggjöfnun þannig, að undantekningin nái einnig til forkaupsréttar, ekki tæk.

Eitt af skilyrðum þess, að forkaupsréttur verði virkur, sé, að forkaupsréttarhafi fái tilkynningu um fyrirhugaða sölu. Þegar um sé að ræða forkaupsrétt, sem bundinn sé við hluthafa í félagi, skipti það engu máli, hvort hlutabréfin hafi verið seld eða ekki, því að réttinn eigi þeir, sem skráðir séu í hlutaskrá eða geti sýnt fram á, að þeir hafi eignast hlutina fyrir þann dag, er forkaupsréttur varð virkur. Þeir hluthafar, sem skráðir voru í hlutaskrá Búlandstinds hf. 27. ágúst, hafi allir fengið tilkynningu um fyrirhugaða

sölu og skilyrði forkaupsréttarins. Stefnendur að Mata ehf. undanskildu hafi ekki verið skráðir í hluthafaskrá fyrr en 29. október, a. m. k. leiki á því verulegur vafi, að skráningin hafi farið fram fyrr.

Í 34. gr. hlutafélagalaga sé kveðið á um, hvaða réttindi samkvæmt hlutafjáreign séu framseljanleg. Þar sé ekki minnst á forkaupsrétt, og verði að gagnálykta frá því, þannig að forkaupsréttur sé ekki framseljanlegur. Ekkert liggi fyrir um það, að Mata ehf. hafi fengið forkaupsrétt framseldan.

Pótt stefnendur hafi keypt hluti sína, áður en frestur til að nýta sér forkaupsrétt hafi runnið út, breyti það engu, þar sem stefnendur hafi ekki uppfyllt skilyrði 12. gr. laga nr. 92/1994, er forkaupsrétturinn varð virkur.

Stefndi telur, að skilyrði hafi eigi verið til að leggja lögbannið á, þar sem stefnendur hafi ekki sýnt fram á forkaupsrétt sinn á hlutafé í Búlandstindi hf. Stefndi bendir á, að réttur stefnenda geti í öllu falli aldrei orðið víðtækari en réttur þess hluthafa, sem seldi Mata ehf. hlutabréfin 20. september 1996. Að auki telur stefndi, að eigi stefnendur einhvern rétt til að neyta forkaupsréttar, sé hann nægilega tryggður með réttarreglum um skaðabætur, og því hefði lögbannið ekki átt að fara fram með vísan til 1. tl. 24. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990.

Krafa um málskostnað sé reist á 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggist á lögum nr. 50/1988.

IV.

Niðurstaða dómsins.

Rétt verður að telja, að forkaupsréttur verði virkur, þegar eigandi þeirrar eignar, sem forkaupsréttur hvílir á, hefur skapað sér skyldu til þess að selja eignina, svo sem með því að taka tilboði í eignina eða gera kaupsamning um hana. Verður því hér miðað við, að forkaupsréttur að hlutafé stefnda hafi orðið virkur þann dag, er stefndi tók kauptilboði Ísfélags Vestmannaeyja hf., þ. e. 27. ágúst 1996.

Í máli þessu er um það deilt, hvort forkaupsréttarhafar að hlutafé stefnda séu einvörðungu þeir, sem voru starfsmenn og eigendur Búlandstinds hf., aðrir en stefndi, þegar forkaupsréttur að hlutabréfum stefnda varð virkur, eða hvort stefnendur bætist í þann hóp, og þannig eigi að miða forkaupsréttinn við eignarhald hlutabréfa, eins og það var kl. 24.00 24. september 1996, þegar frestur rann út til þess að neyta forkaupsréttar.

Í framhaldi þess, að stefndi tók tilboði Ísfélags Vestmannaeyja hf., aflaði hann sér upplýsinga um, hverjir væru hluthafar í Búlandstindi hf. og starfsfólk fyrirtækisins, og fékk upplýsingar þar um, sem dagsettar eru 28. ágúst. Þeim aðilum öllum sendi hann ábyrgðarbréf 4. september, þar sem tilgreint

er, að kauptilboði í hlutabréfin hafi verið tekið, að viðkomandi eigi forkaupsrétt, verð hluta og þau skilyrði, sem stefndi telur forkaupsréttinn bundinn samkvæmt 12. gr. laga nr. 92/1994 og almennum forkaupsréttarreglum. Meðal þessara skilyrða er það, að tilkynning þurfi að berast stefnda fyrir kl. 24.00 24. september 1996 um það, hvort forkaupsréttar verði neytt.

Tímalengd frestsins til að neyta forkaupsréttarins er ekki lögbundin, hún er ákveðin einhliða af stefnda og er eflaust miðuð við, að forkaupsréttarhöfum gefist eðlilegt ráðrúm til þess að taka ákvarðanir um það, hvort þeir neyta réttarins eða ekki.

Hlutabréfum í Búlandstindi hf. fylgir ekki forkaupsréttur að hlutum í félaginu samkvæmt efni bréfanna sjálfra eða samþykktum félagsins. Um er að ræða lögákveðinn rétt, sem samkvæmt 12. gr. laga nr. 92/1994 skapast eigendum og starfsfólki þeirra fyrirtækja, sem stefndi á hlutafé í, þegar hann tekur ákvörðun um að selja hlutafé sitt, sem honum er lögskýlt að bjóða árlega til sölu. Með framsali hlutabréfanna einu sér þarf því ekki endilega að fylgja forkaupsréttur, heldur er tilurð hans undir ákvæðum 12. greinarinnar komin. Hvort hægt er að framselja hinn lögbundna rétt einan sér, er annað mál, sem hér þarf ekki að taka afstöðu til.

Þótt hvorki sé það tekið fram í 12. grein né um það getið í greinargerð með frumvarpi til laganna eða öðrum lögskýringargögnum, benda líkur til þess, að fyrir löggjafanum hafi vakað að fá þeim eigendum og starfsfólki þess fyrirtækis, sem stefndi hafði eignast hlut í, aukinn rétt öðrum fremur, þ. e. a. s. þann rétt, sem fólgin er í forkaupsrétti að hlutafé, og þá þeim, sem áttu hlut í fyrirtækinu og störfuðu hjá því, áður en forkaupsrétturinn varð virkur. Þykir því eðlilegt að skýra 12. grein þannig, að í henni sé við þennan hóp átt, eins og hann var á því tímamarki, að forkaupsrétturinn varð virkur, en ekki þá, sem verða hlutafjáreigendur á því tímabili, sem stefndi hefur ákveðið í því skyni að gefa forkaupsréttarhöfum ráðrúm til þess að taka ákvörðun um það, hvort þeir neyta réttarins eða ekki.

Samkvæmt þessu verður niðurstaðan sú, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnenda.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Friðgeir Björnsson dómstjóri kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Próunarsjóður sjávarútvegsins, skal vera sýkn af kröfum stefnenda Mata ehf., Önnu Helgu Höskuldsdóttur, Eddu I. Eggertsdóttur, Eddu I. Eggertsdóttur, Eggerts Árna Gíslasonar, Einars Páls Gunnarssonar, Friðriks Guðmundssonar, Gísla V. Einarssonar, Gísla Vals Guðjónssonar, Gísla Viðars Eggertssonar, Guðjóns Kr. Guð-

jónssonar, Guðnýjar Eddu Gísladóttur, Gunnars Þórs Gíslasonar, Halldórs Páls Gíslasonar, Helgu Alexandersdóttur, Ingólfs Árna Gunnarssonar, Jóhanns Steins Eggertssonar, Jónu Svandísar Halldórsdóttur, Kristins Helga Guðjónssonar, Petru Bragadóttur, Salat-hússins ehf., Sólveigar Ingólfssdóttur og Sundagarða ehf.

Málskostnaður fellur niður.
